

Helstu niðurstöður aðalfundar Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2021

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 12. mars á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

- Ársreikningur vegna ársins 2020 var samþykktur.
- Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um arðgreiðslu sem nemur kr. 1,99 á hlut fyrir rekstrarárið 2020 eða um 2.650 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 12. mars 2021 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2021, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 15. mars 2021 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 30. mars 2021.
- Tillaga um efnislega óbreytta starfskjarastefnu var samþykkt.
- Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum um endurskoðendur, rafræna hluthafafundi og rafræn skjalasamskipti voru samþykktar.
- Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin bréfum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins voru samþykktar.
- Í stjórn félagsins voru kjörin:

Björgólfur Jóhannsson	kt. 280855-3409
Guðmundur Örn Gunnarsson	kt. 060163-2869
Hildur Árnadóttir	kt. 040866-3459
Ingi Jóhann Guðmundsson	kt. 120169-5729
Ingunn Agnes Kro	kt. 270382-3989

Stjórn hefur þegar komið saman og skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Björgólfur Jóhannsson og Hildur Árnadóttir varaformaður.

Eftirtalin voru sjálfkjörin sem varamenn í stjórn:

Erna Gísladóttir	kt. 050568-2969
Garðar Gíslason	kt. 191066-5539

- Tillaga um að staðfest yrði að KPMG yrði áfram endurskoðunarfélag félagsins var samþykkt.
- Tillaga um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar var samþykkt. Laun stjórnarmanna verða 398.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns 781.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 398.000 kr. í upphafi starfsárs og að auki 137.000 kr. fyrir hvern fund sem hann situr. Þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verður 31.000 kr. á mánuði og 41.000 fyrir hvern fund og fær formaður 50% álag.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Vala Halldórsdóttir, fjárfestatengill, s. 440-2000 fjarfestar@sjova.is